

Ed.

495. Breytingartillögur

[94. mál]

við frv. til laga um jarðeignasjóð ríkisins.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera matsverð þriggja manna nefndar, sbr. 8. gr. Við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

2. Við 8. gr. 1. málsg. orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar þrjú menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sbr. 4. gr., einn þeirra samkv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins, og er hann formaður nefndarinnar, annan samkv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og þriðja samkv. tilnefningu Stéttarsambands bænda.